



FÉLAG HÓPFERÐALEYFISHAFA

Alþingi

Erindi nr. Þ 117 1429

komudagur 16 / 12 1993

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 1993

**Efni: Eignaupptaka vegna virðisaukaskatts.**

Félag hópfersdaleyfishafa vill hér með koma á framfæri við nefndina mótmælum sínum við álagningu virðisaukaskatts á ferðapjónustu.

Álagning virðisaukaskattsins kemur til með að hafa tvennskonar áhrif á rekstur hópfersdabíla.

1. Hyggist bíleigandi selja notaðan hópfersdabil þá verður hann að innheimta og skila virðisaukaskatti til ríkisins af bílverðinu. Markaðsaðstæður leyfa engan vegin að hækka bifreiðina um sem nemur virðisaukaskattinum, þannig að notaður bíll verður að vera seldur á sama verði og áður, en skattinum skilað. Þetta er því eignaupptaka upp á tæp 20%.

2. Bíleigendum er mismunað gróflega eftir því hvenær og með hvaða fjármögnunarleið þeir hafa keypt atvinnutæki sín. Þeir sem keypt hafa bíla nýlega hafa fjármagnað kaupin á þrennan hátt.

**a. Bankalán.** Virðisaukaskattur greiddur, en fæst ekki nýttur sem innskattur til frádráttar, þó greiðslur af láninu standi iðulega í mörg ár eftir að aðili er orðinn skattskyldur.

**b. Kaupleiga.** Virðisaukaskattur greiddur í upphafi og fæst heldur ekki nýttur sem innskattur til frádráttar þó greiðslur standi í mörg ár.


**c. Fjármögnunarleiga.** Virðisaukaskattur greiddur jafnóðum og nýtist því sem innskattur af þeim þætti sem eftir stendur frá þeim tíma er aðili varð skattskyldur.

Hafa ber í huga að hér er um að ræða atvinnutæki sem kosta iðulega um 12 til 18 milljónir og eru greidd niður á sjö til tíu árum. Það er því mikið hagsmuna máli þeirra sem nýlega hafa fjárfest í atvinnutækjum til að stuðla að efiingu ferðapjónustunnar í landinu að þeir geti nýtt sér þannu innskatt sem þeim ber. Hvaða fjármögnunarleið var valinn, réðist af stöðu hvers og eins og iðulega var eigið fé viðkomandi notað til að greiða tolla og virðisaukaskatt, en höfuðstóllin settur á langtímalán.

Hér er um að ræða hróplega mismunun og engin sanngirni í að innskattur sem greiddur hefur verið, fái ekki nýttur til frádráttar í rekstri, eins og megin vilji löggjafans hefur væntanlega verið.

Með von um að réttlæti nái fram í þessum málum.

F.h Félags hópfersdaleyfishafa.

  
Bragi Björnsson